



FUNDARGERÐ

- Yfirskrift / efni:** 17. fundur stjórnar KLÍ, 2008-2009
- Staðsetning:** Skrifstofu KLÍ
- Hvenær:** Fimmtudag, 11.12.08 kl. 17.30
- Pátttakendur:** Þórir Ingvarsson (PI) formaður
Þórarinn Már Þorbjörnsson (PMP) varaformaður
Valgeir Guðbjartsson (VG) gjaldkeri
Hörður Ingi Jóhannsson (HIJ) ritari
- Boðuð forföll:** Ásgrímur Helgi Einarsson (AHE) varamaður
Guðmundur Sigurðsson (GS) varamaður
Helga Sigurðardóttir (HS) varamaður
Árni Geir Ómarsson (AGO) meðstjórnandi
- Fjarverandi:**
- Fundarritari:** VG

Helstu mál: Fundargerð s.f., keilarar ársins, jólakveðjur, Landsliðsmál, önnur mál.

Dagskrá fundarins:

1. Fundargerð síðustu funda.

Fundargerð 16. fundar samþykkt samhljóma.

2. Keilarar ársins.

Keilararnir Hafþór Harðarson og Dagný Edda Þórisdóttir kjörin keilarar ársins, PI sendir á ÍSÍ og HIJ, HIJ setur á netið.

3. Jólakort.

Jólakort klár og HIJ sendir út.

4. Landsliðsmál.

Tilkynnt var í s.l. viku um val á æfingahópum vegna landsliða KK, KVK og framtíðarhóps, rætt var um valið og skipan í hóp.

Næst var rætt um stærð hópanna og hvort bætt yrði inni karlahópin þar sem a.m.k. tveir sem valdir voru gefa ekki kost á sér.

Þá veltum við fyrir okkur hvernig vali í liðin yrði háttað. Hvort og þá hvaða kröfur yrðu gerðar á leikmenn, með öðrum orðum, hvaða merkingu landsliðsþjálfari leggur í að gefa sig heilshugar í verkefnið.

Í sambandi við framtíðarhópinn komu upp nokkrar spurningar, t.d. með tilgang, með val í hópinn, og verkefni. Eftir hverju hafi verið farið í sambandi við val í hópinn, t.d. af hverju Hafþór og Róbert eru ekki í framtíðahópnum, en Jón Ingi og Stefán væru þar. Þar sem hópurnir væri fyrir efnilega keilara en ekki endilega væntanlega landsliðsspilara, hvort ekki séu einhverjir í viðbót sem ættu erindi þangað. Einnig hvort verkefnaúrval hefði stjórnað vali á hópnum og hver verkefnin væru.

5. Önnur mál.

PI lagði að mönnum að senda upplýsingar til HIJ vegna spurningalista frá Sportid.is

Fundi slitið 18.30

Næsti fundur 8.01.09 kl. 17.30